

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 347/1991 varðandi starfsleyfi nr. 95/1991 fyrir Kraftlýsi hf., lifrarbræðslu, Mörk 3, Djúpavogi.

1. gr.

2. gr. í auglýsingu nr. 347/1991 orðist svo:

Á eftir kafla 4 í starfsleyfi nr. 95/1991 komi nýr kafli, 5. kafli svohljóðandi:

5. Ákvæði til bráðabirgða.

5.1. Frárennsli frá lifrarbræðslunni sbr. gr. 2.6. skal fyrir 1. júlí 1992 tengja fitugildru.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 20. desember 1991.

F. h. r.

Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1992.

1. gr.

Eftirlitsgjald skv. gjaldskrá nr. 470/1985, með síðari breytingum verður sem hér segir:

Eftirlitsgjöld:

1. flokkur	kr. 10 500	3. flokkur	kr. 36 750
2. flokkur	kr. 21 000	4. flokkur	kr. 66 150

2. gr.

Leyfisgjöld skv. sömu gjaldskrá verða:

Leyfisgjöld:

1. flokkur	kr. 4 050	3. flokkur	kr. 12 100
2. flokkur	kr. 8 100	4. flokkur	kr. 16 200

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð eru kr. 1 260.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1992. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 550/1990, með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.